
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2013-03
Fundartími:	Fimmtudagur 11. apríl 2013 kl. 10:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar.
	2) Notkunarflokkar raforku 2012.
	3) Aflþörf raforkukerfisins 2012.
	4) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings.
	5) Raforkunotkun stóriðju.
	6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Erla Björk Þorgeirsdóttir
Rúnar Svavar Svavarsson
Ásgeir Sigtryggsson
Sverrir Jan Norðfjörð

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Orkustofnun:

Pétur Sólmes Jónsson

Fjarverandi:

Baldur Dýrfjörð
Sigurður Ágústsson
Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) IB fór yfir úrvinnslu notkunarflokka og sagði henni væri að mestu lokið, eftir væri smá afstemming. Hann fór yfir töp í dreifikerfinu og nefndi að þau væru óeðlilega lítil hjá Norðurorku. ÁS sagði að líkleg skýring væri að bilun var í mælingu undir lok árs og Landsnet tók á sig það sem ekki var mælt. Töp eru óeðlilega mikil hjá Rafveitu Reyðarfjarðar. Skoðuð var aukning í einstökum flokkum á síðasta ári. Lang mest aukning er í heildarorku hjá fiskimjölsverksmiðjum. JV benti á að gott væri að sjá á þessum myndum einnig meðaltal síðustu tíu ára. Skjal um notkunarflokkana verður sett á verkefnavef hópsins fljótlega.
- 3) IB fór yfir þá aðila sem eru með skerðanlega orku í flutningi og hverjir mundu detta út við breytinguna sem gerð var á síðasta fundi en það eru um 7 GWh.

- 4) Rætt var um breytingar sem þyrfti að gera á spánni núna. Nefnt var að málmbræðsla mundi væntanlega koma inn á grundartanga um mitt ár. RSS sagði að HB Grandi væri búinn að kaupa 11 MW ketil fyrir fiskimjölsverksmiðju á Akranesi. Búið er að kaupa ketil fyrir Höfn sem kemur í rekstur fyrir næstu loðnuvertíð. JV sagðist nýlega hafa endurskoðað lauslega áætlun um rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja en fara þyrfti vel yfir þá notkun í þessum endurreikningi. Sementsverksmiðjan er endanlega hætt rekstri og verið er að skoða með aðra nýtingu á lóð verksmiðjunnar. ÁS sagði að notkun í vinnubúðum á Þeistareykjum gæti orðið 2-3 MW.
- 5) Rætt var um orkunotkun stóriðju. Til lengri tíma litið er miðað við gerða samninga en til skemmri tíma þarf að taka tillit til aðstæðna svo sem þegar ný notkun er að koma inn. Rætt var um að breyta þyrfti uppkeyrslu á aukningu hjá álverinu í Straumsvík þar sem vitað er að henni seinkar. Becromal hefur verið að nota minna en samningar gera ráð fyrir vegna markaðserfiðleika. SN sagði að ekki væri rétt að gera ráð fyrir minna en lágmarkskaupum skv. orkusamningi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 16. maí 2013.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Nokkrar myndir um raforkunotkun 2012.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB/JV	Notkun stóriðju